


ÞJÓÐARPÚLS GALLUP

Maí 2025

Mikilvægasta vandamálið sem heimurinn stendur frammi fyrir

Langflestir Íslendingar telja að **stríð og átök** séu mikilvægasta vandamálið sem heimurinn stendur frammi fyrir í dag. Nær 43% telja það mikilvægasta vandamálið en fyrir rúmum áratug töldu rúmlega einn af hverjum tíu það. Næstflestir telja mikilvægasta vandamálið vera **fátækt**, bilið milli ríkra og fátækra, eða ríflega 9%, en fyrir rúmlega áratug töldu flestir fátækt vera mikilvægasta vandamálið, eða um og yfir fjórðungur landsmanna.

Þar á eftir nefna flestir **spillingu** og þá **umhverfis- og loftslagsmál**. Aðeins færri nefna þessi atriði en fyrir áratug eins og flest hinna atriðanna. Þau atriði sem fleiri nefna nú en í fyrri mælingum fyrir utan stríð og átök eru fólksflótti, hryðjuverk og glæpir*. Talsvert færri nefna efnahagsleg vandamál nú en áður.



* Könnunin var áður lögð fyrir um allan heim og var svarmöguleikinn „heilbrigðisvandamál“ þá „HIV veiran / Alnæmi og önnur heilsufarsvandamál“. Niðurstaðurnar er því ekki hægt að bera beint saman milli ára.

Svarmöguleikinn „umhverfis- og loftslagsmál“ var áður „umhverfismál“ og svarmöguleikinn „fólksflótti“ var áður „flóttafólk, vandamál tengd flóttafólki og flóttamannahælum“.

Konur telja frekar en karlar að stríð og átök séu mikilvægasta vandamálið sem heimurinn stendur frammi fyrir í dag. Karlar telja hins vegar frekar en konur að fólksflótti, trúarofstæki og efnahagsleg vandamál séu mikilvægustu vandamálin. Fólk yfir fertugu telur frekar en yngra fólk að stríð og átök séu mikilvægasta vandamálið sem heimurinn stendur frammi fyrir. Fólk undir fertugu telur hins vegar frekar en eldra fólk að efnahagsleg vandamál og heilbrigðisvandamál séu mikilvægust. Fólk yfir fimmtugu telur frekar en yngra fólk að trúarofstæki sé mikilvægasta vandamál heimsins.

Fólk með háskólapróf telur frekar en fólk með minni menntun að stríð og átök séu mikilvægasta vandamálið sem heimurinn stendur frammi fyrir og sama má segja um umhverfis- og loftslagsmál. Það telur hins vegar síður en fólk með minni menntun að spilling sé mikilvægasta vandamálið.

Tveir af hverjum þremur sem kysu Framsóknarflokkinn ef kosið yrði til Alþingis í dag telja stríð og átök mikilvægasta vandamálið sem heimurinn stendur frammi fyrir í dag en aðeins 16% þeirra sem kysu Sósíalistaflokkinn. Ríflega 35% þeirra sem kysu Sósíalistaflokkinn telja fátækt mikilvægasta vandamálið, 14% þeirra sem kysu Samfylkinguna en 5% eða færri þeirra sem nefna aðra flokka. Nær 11% þeirra sem kysu Viðreisn telja hryðjuverk mikilvægasta vandamálið en 5% eða færri þeirra sem kysu aðra flokka. Nær 16% þeirra sem kysu Miðflokkinn telja fólksflóttu mikilvægasta vandamálið en 6% eða færri þeirra sem kysu aðra flokka.

Þeir sem styðja ríkisstjórnina eru líklegri en þeir sem styðja hana ekki til að telja fátækt mikilvægasta málið sem heimurinn stendur frammi fyrir á meðan því er öfugt farið varðandi fólksflóttu, heilbrigðismál, hryðjuverk og efnahagsmál.

Greiningar	Stríð og átök	Fátækt: bilið milli ríkra og fátækra	Spilling	Umhverfis- og loftslagsmál	Fólksflótti
Heild	43%	9%	8%	6%	4%
Kyn *					
Karlar	38%	11%	7%	6%	7%
Konur	47%	8%	8%	6%	2%
Aldur *					
18-29 ára	29%	11%	6%	8%	8%
30-39 ára	34%	9%	10%	4%	4%
40-49 ára	50%	12%	10%	6%	2%
50-59 ára	47%	10%	6%	5%	4%
60-69 ára	51%	6%	7%	8%	3%
70 ára eða eldri	48%	8%	9%	3%	4%
Menntun *					
Grunnskólapróf	41%	8%	11%	2%	5%
Framhaldsskólapróf	37%	12%	9%	4%	3%
Háskólapróf	50%	8%	4%	11%	5%
Fjölskyldutekjur *					
Lægri en 800 þúsund	34%	12%	11%	7%	4%
800 til 1.249 þúsund	48%	11%	3%	4%	2%
1.250 til 1.749 þúsund	45%	12%	8%	9%	2%
1.750 þúsund eða hærri	43%	6%	6%	6%	6%
Ef kosið yrði til Alþingis í dag, hvaða flokk eða lista myndirðu kjósa/líklegast kjósa? *					
Framsóknarflokkinn	67%	1%	3%	2%	1%
Viðreisn	52%	5%	5%	7%	1%
Samfylkinguna	48%	14%	8%	9%	3%
Sjálfstæðisflokkinn	47%	3%	2%	2%	6%
Flokk fólksins	43%	4%	11%	0%	3%
Miðflokkinn	22%	3%	14%	1%	16%
Sósíalistaflokk Íslands	16%	35%	13%	13%	5%
Annan flokk/lista	30%	14%	13%	18%	3%
Skila auðu/Myndi ekki kjósa	32%	9%	15%	1%	6%
Óákveðin(n)	47%	12%	7%	6%	0%
Styður þú ríkisstjórnina? *					
Já	46%	14%	8%	7%	2%
Nei	39%	4%	8%	4%	9%

Þar sem prósentur eru feitletraðar og súlur eru dökkgrænar er marktækur munur á milli hópa

Greiningar	Trúarofstæki	Mannréttindamál	Heilbrigðisvandamál	Hryðjuverk	Efnahagsleg vandamál
Heild	4%	4%	4%	4%	4%
Kyn *					
Karlar	6%	3%	3%	3%	6%
Konur	3%	5%	5%	5%	2%
Aldur *					
18-29 ára	0%	7%	10%	3%	5%
30-39 ára	0%	5%	6%	3%	11%
40-49 ára	2%	3%	0%	3%	3%
50-59 ára	11%	4%	3%	5%	1%
60-69 ára	6%	4%	1%	6%	1%
70 ára eða eldri	8%	3%	2%	5%	1%
Menntun *					
Grunnskólapróf	6%	2%	4%	5%	1%
Framhaldsskólapróf	6%	4%	6%	5%	7%
Háskólapróf	2%	6%	3%	2%	3%
Fjölskyldutekjur *					
Lægri en 800 þúsund	2%	5%	6%	5%	2%
800 til 1.249 þúsund	7%	5%	4%	4%	4%
1.250 til 1.749 þúsund	5%	2%	1%	4%	5%
1.750 þúsund eða hærri	4%	5%	4%	4%	4%
Ef kosið yrði til Alþingis í dag, hvaða flokk eða lista myndirðu kjósa/líklegast kjósa? *					
Framsóknarflokkinn	1%	1%	3%	4%	9%
Viðreisn	4%	10%	1%	11%	1%
Samfylkinguna	5%	5%	2%	1%	2%
Sjálfstæðisflokkinn	5%	5%	8%	4%	6%
Flokk fólksins	3%	1%	7%	5%	7%
Miðflokkinn	10%	0%	5%	3%	1%
Sósíalístaflokk Íslands	2%	2%	0%	0%	11%
Annan flokk/lista	2%	5%	0%	0%	1%
Skila auðu/Myndi ekki kjósa	6%	1%	10%	7%	9%
Óákveðin(n)	1%	6%	7%	7%	0%
Styður þú ríkisstjórnina? *					
Já	5%	6%	1%	2%	2%
Nei	4%	3%	6%	6%	6%

Þar sem prósentur eru feitletraðar og súlur eru dökkgrænar er marktækur munur á milli hópa

Spurt var:

- Hvert er að þínu mati mikilvægasta vandamálið sem heimurinn stendur frammi fyrir í dag?

Niðurstöður sem hér birtast eru úr netkönnun Gallup sem gerð var dagana 21. mars til 1. apríl 2025. Heildarúrtaksstærð var 1.713 og þátttökuhlutfall var 51,9%. Einstaklingar í úrtaki voru handahófsvaldir úr Viðhorfahópi Gallup.

Notkun á efni Þjóðarpúls Gallup og tilvitnun í það er heimil svo lengi sem heimilda er getið.

Útgefið af: Gallup - Suðurlandsbraut 6, 108 Reykjavík. Sími: 540 1200. Netfang: sigrun.drifa@gallup.is.

Umsjón með útgáfu: Sigrún Drífa Jónsdóttir og Jón Karl Árnason.

Ábyrgðarmaður: Jóna Karen Sverrisdóttir © Íslenskar markaðsrannsóknir 1993. © Gallup á Íslandi 2015. Allur réttur áskilinn.